

66. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 22.8.2016

Mættir: Þuríður Helga, Ingólfur Hartvigsson, Sólveig Ólafsdóttir

Fundur settur kl.12:00 í Skaftárstofu

Dagskrá fundar:

1. Tímavinna v/kammertónleika

Farið yfir vinnustundir nefndarinnar vegna vinnu tengt Kammertónleikunum í júní sl. Þuríður tekur að sér að ganga frá því máli.

2. Uppskeruhátíð

Byrjað er á að velta fyrir sér hugsanlegu svæði sem gæti verið í sviðsljósinu að þessu sinni, hugmynd um að Meðallandið ræddar. Ingólfur tekur að sér að athuga með áhuga. Þuríður tilkynnir nefndinni að SAS hafi úthlutað hátíðinni 300.000 kr styrk. Hugmyndir ræddar um aðkeypta viðburði fyrir hátíðina til að lyfta henni aðeins upp. Nefndin ætlar að athuga með þær hugmyndir sem komu fram. Áætlað er að uppskeruhátíðin verði helgina 3.-6. nóvember.

3. Múlakotsskóli

Tilboð í smíði á gluggum og hurðum hafa borist nefndinni frá tveimur aðilum. Tilboðin eru bæði töluvert hærri en styrkurinn gerir ráð fyrir. Hugmyndin um að framkvæmdirnar færu fram í áföngum t.d. væri hægt að byrja á að skipta út gluggum og svo árinu á eftir yrðu hurðunum skipt út en þá væri hægt að leitast eftir styrkjum fyrir nýjum hurðum í húsið.

4. Bókasafn

Skoða þarf opnunartíma bókasafnsins en ábendingar hafa borist nefndinni sem varða starfshlutfall og opnunartíma bókasafns. Beðið hefur verið um að nefndi skoði málið og athugi hvort hugsanlega sé hægt að auka við opnunartíma safnsins. Nefndi ræðir saman og ákveður að skoða málið.

Ekki meira rædd að sinni.

Fundi slitið kl.14:30